



SKÓLANÁMSKRÁ LAUGALANDSSKÓLA

2026-2027

SAMVINNA, TRAUST
OG VELLÍÐAN

Efnisyfirlit

Formáli.....	3
Saga Laugalandsskóla	4
Almenn menntun í grunnskóla	6
Áherslur Laugalandsskóla með hliðsjón af grunnskólalögum og aðalnámskrá	9
Námsgreinar, námsáætlanir og kennsluhættir	13
Námsmat	14
Hvers vegna að meta?.....	14
Hvernig er endurgjöf háttað?	15
Nánar um framsetningu námsmats	16
Náms – og kennslugögn	16
Stoðþjónusta, sérúrræði og farsæld barna	17
Sérkennsla og stuðningur.....	17
Náms- og starfsráðgjöf, kennsluráðgjöf og sálfræðiþjónusta.....	17
Nemendaverndarráð	18
Farsæld barna.....	18
Réttindi og skyldur nemenda	18
Réttindi nemenda	18
Nemendur eiga rétt á að:	18
Skyldur nemenda.....	19
Sameiginleg ábyrgð.....	19
Heimanám	20
Upplýsingagjöf um nemendur.....	20
Samstarf	21
Samstarf heimila og skóla	21
Samstarfs Laugalandsskóla og Leikskólans á Laugalandi.....	22
Samstarf Laugalandsskóla við framhaldsskóla.....	24
Samstarf Laugalandsskóla við Tónlistarskóla Rangæinga	24
Stefnur og áætlanir.....	24
Jákvæður agi	24
Aðgerðaráætlun Laugalandsskóla í eineltismálum.....	25
Áfengis-, tóbaks- og vímuvarnaráætlun Laugalandsskóla.....	26
Markmið	26
Forvarnarstarf.....	26
Reglur	27

Viðbrögð.....	27
Hlutverk foreldra.....	27
Endurskoðun.....	27
Áfalla og öryggisáætlun.....	28
Upplýsingagjöf og stuðningur.....	28
Eftirfylgni og úrvinnsla.....	28
Jafnréttisáætlun.....	28
Móttökuáætlanir.....	29
Innra og Ytra mat.....	29
Skólareglur og agamál.....	30
Skólasókn – skólaforðun. Forvarna- og aðgerðaráætlun.....	32
Verkferill.....	32
Tengsl við nærsamfélagið.....	35

Formáli

Skólanámskrá Laugalandsskóla í Rangárþingi ytra er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla og gildir þessi útgáfa skólaárið 2024 - 2025 eins og hún er gefin út og kynnt á heimasíðu. Hún lýsir markmiðum skólans, inntaki náms og námsmati, starfsháttum og mati á árangri og gæðum skólastarfs. Hún tekur einnig mið af sérstöðu skólans og aðstæðum.

Nú er skólanámskrá gefin út í þremur hlutum. Fyrstur er stefnumarkandi hluti skólanámskrárinnar en hann lýtur að skólastarfinu í heild. Annar hlutinn er starfsmannahandbók og sá þriðji eru námsvísar, hinar eiginlegu skólanámskrár, þar sem nánari lýsingu á námi og kennslu í hverjum árgangi og hópi er að finna. Að auki er gefin út starfsáætlun skólans.

Skólanámskrá er skrifleg, rökstudd lýsing á því sem gert er og gera á í skólanum og þarf að vera í sífelldri endurskoðun. Samvinna starfsfólks við gerð skólanámskrár er mjög mikilvægur liður í skólastarfinu. Skólanámskrá eykur líkur á því að samfella verði í öllu námi og þar með að allt skólastarf verði árangursríkara. Hún er grunnur fyrir þróunarstarf og mat á skólastarfi en einnig nauðsynlegt upplýsingarit fyrir alla þá er starfið í skólanum varðar. Endurskoðun skólanámskrár fer fram á hverju ári. Afmarkaðir hlutar hennar taka breytingum árlega, og gæti sú vinna tengst að hluta til innra og ytra mati á skólastarfinu, á meðan sumt breytist lítið sem ekkert. Stefnt verður að því að endurskoðun skólanámskrár verði að mestu lokið í ágúst ár hvert og lokafrágangur verði í september/október. Þá er skólanámskráin send til fulltrúa skólaráðs, fræðslunefndar, sveitarstjórnar og annarra er málið varðar.

Saga Laugalandsskóla

Laugalandsskóli var settur í fyrsta sinn hinn 9. desember 1958 og tók til starfa í nýju húsi sem þá var í smíðum. Var þetta tímamótaviðburður í skólasögu sveitarfélaganna þriggja sem að skólanum stóðu, Ása-, Holta- og Landmannahreppa. Ákveðið var þá að taka inn fyrst um sinn 10 til 14 ára gamla nemendur og kenna þeim í tveimur deildum til skiptis og þá tvær vikur í senn. Voru það eldri og yngri deild og um 20-30 nemendur í hvorum hópi.

Fyrstu 10 starfsár Laugalandsskóla voru nemendur í heimavist. Skólahúsið reyndist allvel en fljótt kom í ljós að það var of lítið fyrir starfseminna sem fór vaxandi með ári hverju. Í upphafi var miðað við að nemendur byrjuðu nám við 10 ára aldur. Árið 1959 var samþykkt að 9 ára börn sæktu skólann og árið eftir var ákveðið að skólaskylda næði einnig til 8 ára barna. Árið 1962 samþykkti skólanefndin svo að 7 ára börn sæktu skóla. Umfang skólastarfsins jókst mjög við þetta þótt reynt væri að taka yngstu árgangana inn á vorin og haustin. Starfstími skólans var af þessum sökum lengdur samkvæmt samþykkt skólanefndar árið 1960 úr sjö í átta mánuði og veitti ekki af.

Skólinn færðist ekki aðeins niður til yngri árganganna heldur var jafnframt staðfest að halda uppi unglingakennslu árið 1963 og hafði hún þó verið einhver áður. Unglingadeild fyrir nemendur 7. og 8. bekkjar var síðan formlega stofnuð 1965. Með slíkum ráðstöfunum fjölgaði nemendum verulega svo að skortur á kennsluhúsnæði og heimavistarrými varð mjög tilfinnanlegur.

Þegar leið á 7. áratuginn var víða farið að draga úr heimavistarhaldi og í staðinn var skólaakstur í dreifbýli eflidur. Þá átti stórbætt vegakerfi þátt í að gera þennan valkost framkvæmanlegri en áður. Árið 1968 hófust umræður hjá forráðamönnum skólans um möguleika þess að taka upp daglegan akstur með nemendur úr og í skóla og leggja þar með heimavistarhald niður. Undir lok október það ár náðist loks samkomulag og hófst þá skólahald með daglegum akstri nemenda.

Daglegur skólaakstur hefur síðan verið við Laugalandsskóla. Með árunum hefur hann verið endurskoðaður, honum hagrætt og breytt eftir aðstæðum hverju sinni. Þetta fyrirkomulag leysti á sínum tíma mikinn vanda því að þá var svo komið að takmarkað húsnaði hamlaði mjög eðlilegu starfi skólans og kom í veg fyrir að hægt væri að mæta þörfum vaxandi nemendafjölda. Dugði þetta úrræði um sinn þótt meira þyrfti að koma til í þróun skólans síðar.

Þótt daglegur skólaakstur breytti miklu til batnaðar var húsnaðisvandi skólans samt mikill gagnvart kennslurými og kennaraíbúðum. Einkum varð þetta ljóst eftir að hugmyndir komu fram um að hefja bæri kennslu í 9. bekk grunnskóla sem og gert var 1975. Gamla samkomuhúsið á Laugalandi fullnægði ekki kröfum tímans um aðstöðu til leikfimikennslu og annarrar íþróttaiðkunar skólanemenda. Sama mátti segja um sundlaugina sem var orðin gömul og þótti of lítil.

Árið 1977 samþykkti skólanefndin að stefna bæri að því að reisa ný íþróttamannvirki við skólann og tímabært væri að afla fjárveitinga til slíkra framkvæmda. Áformað var að byggja mikið hús – samtals 2639 fermetrar á tveimur hæðum að íþróttamannvirkjum meðtöldum. Í þessu stórhýsi var gert ráð fyrir mötuneyti með eldhúsi og borðstofu, kennslustofu, smíðastofu, bókasafni og ýmsu öðru sem og fullkomnum íþróttasal og útisundlaug. Einnig skyldi vera þar skrifstofu- og félagsaðstaða fyrir hlutaðeigandi sveitarfélög, einkum Holtahrepp. Framkvæmdir við hið nýja stórhýsi hófust sumarið 1981 og lokið var við hluta hússins 1983. Íþróttasalur komst í gagnið 1987. Tók síðan allmörg ár að ljúka við húsið og það var fyrst um páska 1994 sem hin nýja sundlaug komst í gagnið.

Tvö parhús með fjórum kennaraíbúðum voru reist árið 2002 við Giljatanga. Að undangenginni íbúakosningu sama ár sameinuðust Holta- og Landsveit, Djúparhreppur og Rangárvallahreppur í eitt sveitarfélag, Rangárþing ytra. Áshreppingar kusu hins vegar gegn sameiningu. Síðan þá

hefur hið nýja sameinaða sveitarfélag ásamt Ásahreppi staðið að rekstri Laugalandsskóla.

Ákveðið var að flytja starfsemi Leikskólans á Laugalandi í húsnæði Laugalandsskóla – svokallaðan súlnasal í kjallara hússins – árið 2006. Leikskólinn hafði verið til húsa í tveimur samliggjandi kennaraíbúðum sem voru í lélegu ásigkomulagi og fullnægðu ekki lengur þörfum hans. Jafnframt var afráðið að bæta nýrri álmu við Laugalandsskóla til að mæta þessari skerðingu á kennslurými skólans og auka jafnframt við það. Viðbyggingin var síðan tekin í notkun 2007.

Laugalandsskóli er vel búinn að húsnæði og allri starfsaðstöðu en til stendur að stækka húsnæðið enn frekar á næstu árum. Á það jafnt við um aðstöðu til bóklegrar og verklegrar kennslu sem og íþróttar. Þá er í skólanum fullkomið mötuneyti. Skólinn er líka vel í sveit settur um miðbik víðlendra byggða og hefur með árunum orðið eðlileg miðstöð fyrir margvíslegt menningar- og félagslíf fólksins í sveitarfélögunum sem að honum standa. Utan eiginlegs skólatíma hefur staðurinn verið eftirsóttur til margvíslegrar starfsemi, meðal annars fyrir æfinga- og sumarbúðir.

Eftir rúmlega 60 ára starfsemi í þjónustu við íbúa byggðarlaganna er Laugalandsskóli samofinn samfélaginu. Hann er stofnun innan þess sem veitir hinni uppvaxandi kynslóð menntun. Eitt af frumskilyrðum þess að sveitirnar haldi velli og vaxi er að þær hafi góðan og vel búinn skóla innan sinna vébanda. Það hlutverk uppfyllir Laugalandsskóli og óhætt er að fullyrða að allt skólastarf standi nú eins og jafnan áður með blóma á Laugalandi.

(Textinn er að meginhluta eftir Jón R. Hjálmarsson og fenginn úr Afmælisriti Laugalandsskóla frá 1998).

Almenn menntun í grunnskóla

Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er markmið grunnskóla einkum tvíþætt. Í 2. grein laganna segir:

Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelltri þróun. Starfshættir grunnskóla skulu mótask af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

Grunnskóli skal stuðla að víðsýni hjá nemendum og efla færni þeirra í íslensku máli, skilning þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum, högum fólks og skyldum einstaklingsins við samfélagið, umhverfið og umheiminn. Nemendum skal veitt tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn og að afla sér þekkingar og leikni í stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal leggja grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfra hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

Grunnskóli skal stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.

Hins vegar hafa grunnskólar það hlutverk að búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífínu og frekara nám.

Í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla (sameiginlegum inngangskafli fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla) frá 2011 eru sem fyrr segir, skilgreindir grunnþættir í íslenskri menntun:

- læsi
- sjálfbærni
- heilbrigði og velferð
- lýðræði og mannréttindi

- jafnrétti
- sköpun

Þessir grunnþættir menntunar ásamt áhersluþáttum grunnskólalaga eiga að vísa veginn í almennri menntun og starfsháttum grunnskóla. Þótt grunnþættirnir séu settir fram sem sex aðgreindir þættir tengjast þeir innbyrðis og eru háðir hver öðrum. Þeim er ætlað að skapa betri heildarsýn á skólastarfið. Þeir byggjast á þeirri hugmynd að læsi á hvers konar táknerfi og samskiptakerfi samfélagsins sé forsenda virks lýðræðis. Einnig að virkt lýðræði fái aðeins þrífist ef jafnframt er stuðlað að hvers konar jafnrétti milli einstaklinga og hópa í samfélaginu. Mannréttindi allra verða heldur ekki tryggð nema stuðlað sé að heilbrigði og velferð hvers og eins og baráttu gegn mismunun og ofbeldi í hvaða mynd sem er. Sjálfbærni snýst um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar og felur í sér virðingu fyrir umhverfinu, ábyrgð, heilbrigði, lýðræðisleg vinnubrögð og réttlæti – hvort heldur í nútíma eða gagnvart komandi kynslóðum. Þannig eru mannréttindi og mannréttindabaráttta óhugsandi án þess að jafnframt sé leitað eftir sjálfbærni og jafnvægi í þróun samfélagsins. Sjálfbærni er einnig háð því að hugað sé að jafnrétti þjóðfélagshópa. Lýðræði og mannréttindi og heilbrigði og velferð felast þannig í sjálfbærni en eru jafnframt sjálfstæðir þættir grunnmenntunar.

Menntun til sjálfbærni, jafnréttis, lýðræðis og mannréttinda miðar að því að börn og ungmenni skilji gangverk samfélagsins og þróun þess. Einnig að þau verði fær um að taka virkan þátt í mótun samfélagsins og öðlist þannig sýn til framtíðar og hugsjónir að beita sér fyrir. Með þessari nýstárlegu nálgun er þó ekki endilega verið að móta nýjar námsgreinar heldur er hér fremur um að ræða hugtök sem gefa vísbendingar um námsefni og viðhorf sem leggja skal áherslu á.

Sköpun er mikilvægur þáttur í öllu námi og starfi, ekki einungis listmenntun, og nær þannig til allra annarra grunnþátta sem eiga sér síðan

rætur í gagnrýnni hugsun, ígrundun, vísindalegum viðhorfum og lýðræðislegu gildismati (sjá Aðalnámskrá grunnskóla, Almennur hluti, s. 15-16).

Áherslur Laugalandsskóla með hliðsjón af grunnskólalögum og aðalnámskrá

Sérstaða og áherslur Laugalandsskóla markast af staðsetningu hans og samfélaginu sem hann er hluti af. Hún markast einnig af hefðum og venjum innan skólans, áherslum í skólastarfi og stefnumörkun sveitarfélaganna sem að standa. Hér er við hæfi að vitna aftur í 2. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 (sbr. bls. 8): „Starfshættir grunnskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi“. Laugalandsskóli starfar í nánú samstarfi við samfélagið; sóknarprest, kvenfélög, veiðifélag, búnaðarfélag, íþróttafélög og aðra þá sem standa að og hlúa að samfélaginu. Loks er skólinn undir sama þaki og leikskólinn á staðnum og starfa skólarnir náið saman.

Samkvæmt ákvæði 24. gr. laga um grunnskóla ber að leggja áherslu á ýmsa þætti í námi og kennslu. Þessir áherslupættir eru nánari útfærsla á markmiðsákvæði laganna og grunnþáttum í íslenskri menntun. Flestir þeirra eiga það einnig sammerkt að vera ekki bundnir við einstakar námsgreinar eða afmarkaða þætti skólastarfs heldur þurfa þeir að vera almennt leiðarljós í allri menntun grunnskóla, bæði formlegri og óformlegri og í starfsháttum skóla.

Hér á eftir verður dregið lauslega á þær áherslur sem fylgt er í Laugalandsskóla (sjá einnig Aðalnámskrá grunnskóla, Almennur hluti, s. 35-37).

Í Laugalandsskóla er lögð áhersla á að efla **sjálfsvitund** nemenda. Til að öðlast raunsæja og heilbrigða sjálfsmynd þurfa nemendur að þekkja eigin tilfinningar, þekkja sínar sterku og veiku hliðar og hafa trú á eigin getu og hæfni til að takast á við fjölbreytileg viðfangsefni daglegs lífs. Í þessu sambandi er mikilvægt að hlúð sé að nemendum í samræmi við stöðu þeirra

og þarfir og stuðlað að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Starfshættir Laugalandsskóla mótast því af umburðarlyndi og kærleika með áherslu á jafnrétti, lýðræðislegt samstarf, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi (sbr. 2. gr. laga um grunnskóla).

Siðgæðisvitund eða siðvit byggist á því að nemendur efli siðferðisþroska sinn og hæfni til að setja sig í spor annarra. Tilfinningar og persónuleg reynsla ráða miklu um þróun siðferðiskenndar þeirra sem felst í því að tileinka sér „heilbrigð“ og skynsamleg viðhorf um rétt og rangt og gott og slæmt í breytni fólks. Nemendur þurfa að læra að taka afstöðu til siðferðilegra álitamála og virða rétt hvers og eins til að tjá skoðanir sínar. Þeir þurfa einnig að læra að gera greinarmun á jákvæðu og neikvæðu hegðunarmynstri í samskiptum og bera virðingu fyrir öðrum – hvort heldur bekkjarsystkinum, skólafélögum, starfsfólki skólans eða öðru fólki.

Félagsvitund felur í sér hæfni til að skynja, skilja og bregðast við tilfinningum annarra og hvað það þýðir að búa í samfélagi með öðrum.

Borgaravitund samanstendur af viðhorfum og hæfni fólks til að taka virkan þátt í lýðræðissamfélagi í samræmi við réttindi sín og skyldur.

Félagsfærni vísar til þess að geta átt jákvæð og árangursrík samskipti. Heilbrigð sjálfsmynd er meginforsenda félagsfærni. Líklegra er að börn með góða félagsfærni eigi frumkvæði að samskiptum, viðhaldi þeim og lagi sig að breyttum aðstæðum. Þroskuð félagsfærni ræður miklu um lífshamingju og lífsfyllingu hvers einstaklings.

Jákvæð og uppbyggileg samskipti þar sem gagnkvæm virðing, tillitsemi, ábyrgð og umhyggja eru höfð að leiðarljósi í öllu skólastarfi. Skólinn leitast við að skapa öruggt og styðjandi námsumhverfi þar sem allir fá tækifæri til að láta rödd sína heyrast, taka virkan þátt í skólasamfélaginu og bera virðingu fyrir fjölbreytileika og ólíkum sjónarmiðum.

Jákvæð samskipti eru grunnur að góðum skólabrag og farsælu námi. Með því að efla samvinnu, virk samskipti og sameiginlega ábyrgð er stuðlað að

velliðan nemenda og starfsfólks, aukinni félagsfærni og menningu þar sem traust, jafnræði og virðing einkenna daglegt skólastarf.

Rökhugsun og gagnrýnin hugsun er þjálfuð í gegnum skólastarfið í heild sinni þar sem nemendur fá tækifæri til að rökræða og rökstyðja mál sitt í ræðu og riti. Jafnframt er stuðst við aðrar greinar í þessu tilliti s.s. íslensku, náttúrufræði, samfélagsfræði og stærðfræði.

Gerði athugasemd [GU1]: sleppa?

Lögd er áhersla á að nemendur öðlist **færni í að nýta íslensku í öllu námi**. Mikilvægt er að þeir þjálfist í að tjá þekkingu sína, skoðanir og tilfinningar á sem fjölbreyttastan hátt og er það m.a. gert með leikrænni og listrænni tjáningu. Hver árgangur undirbýr leikrit eða annað sambærilegt efni og flytur á litlu jólum og árshátíð skólans þar sem allir fá sitt hlutverk og taka þátt. Jafnframt fá allir aldurshópar þjálfun í framsögn s.s. í tengslum við námsmat, munnleg próf, verkefnaskil sem tekin eru upp á myndband og heimsóknir barnanna milli bekkja eða leikskóla.

Stuðlað er að **líkamlegri og andlegri velferð hvers og eins** með því að leiðbeina nemendum um að temja sér heilbrigða lífshætti og ábyrga umgengni við líf og umhverfi þar sem hreyfing og hollusta eru í fyrirrúmi. Fjölbreytt íþróttastarf fer fram í skólanum og mikið er lagt upp úr góðri samvinnu við íþróttafélagið Garp. Að auki eru ýmis valfög í boði fyrir eldri bekkina sem snúa að líkamlegri hreyfingu og má þar sérstaklega nefna Skólahreysti, en Laugalandsskóli tekur þátt í þeirri keppni ár hvert.

Til að nemendur öðlist sem dýpstan skilning á þeim fyrirbærum sem þeir fást við í námi sínu er m.a. lögd áhersla á **frjótt, skapandi starf, verklega færni og frumkvöðlanám** þar sem hvatt er til frumkvæðis og sjálfstæðis í vinnubrögðum og hagnýtingu í skólastarfi og daglegu lífi. Fyrir nemendur á elsta stigi eru til að mynda í boði ýmsar valgreinar þar sem þessir þættir eru virkjaðir í leik og starfi.

Þess er jafnan gætt að **jafnvægi sé milli bóklegs náms og verklegs** og að ekki halli á verklegt nám við skipulag skólastarfsins. Þetta á jafnt við um hlutfall bóklegra og verklegra greina og vinnulag og viðfangsefni innan hverrar námsgreinar. Í skólanum er m.a. lögð rík áhersla á að verkefnaskil séu af margvíslegu tagi s.s. í formi leikrits, upplesturs, glærusýningar, veggspjaldavinnu eða með hverjum þeim hætti sem nemendur kjósa sjálfir. Kenndar eru ýmsar verklegar greinar á borð við smíði og handavinnu. Að auki eru fjölbreyttar verkleg valfög í boði fyrir nemendur elsta stigs, t.d. málmsíði. **Leikur** er börnum sjálfsprottin leið til þroska og skilnings óháð aldri og reynt er að koma við leik innan allra námsgreina og námssviða í fjölbreyttu náms- og starfsumhverfi skólans og í félags- og tómstundastarfi.

Leitast er við að bjóða upp á nám sem nýtist nemendum í **daglegu lífi** og við frekara nám og starf að skyldunámi loknu. Reynt er að skapa tækifæri fyrir nemendur til að nýta styrkleika sína og áhuga til menntunar og aukins þroska og tengja námið því sem þeir þekkja heima hjá sér úr eigin nærsamfélagi og í hinum stóra heimi. Umhverfi skólans og náttúran eru nýtt sem vettvangur náms og kennslu eftir föngum s.s. með útikennslu þar sem nemendur læra m.a. um plöntur og gróðurfar og eldamennsku undir berum himni. Annað dæmi er árleg ferð nemenda í 9. bekk í Veiðivötn þar sem þeir eyða saman deginum við veiði í stórbrotinni náttúru og vinna síðan verkefni í tengslum við ferðina þegar heim er komið – skrifa t.d. sögu eða greinargerð, teikna myndir af bleikju og urriða með textalýsingum eða lýsa staðháttum í máli og myndum o.s.frv.

Nám á að **búa öll kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu**, hvort heldur í einkalífi, fjölskyldulífi eða atvinnulífi. Öll viðfangsefni sem skólinn leggur til eiga að grundvallast á jafnræði og jafnrétti kynjanna. Það er einnig gert í námsgreinum eins og samfélagsfræði og íslensku þar sem liggur beinast við að nýta kynjafræði og hugtök hennar í náminu. Í Laugalandsskóla er rík áhersla á kynfræðslu og hefur skólinn verið leiðandi á landinu og meðal annars hafa fulltrúar skólans staðið fyrir námsskeiðum fyrir aðra kennara og

kynnt sitt kennsluefni. Laugalandskóli leitast við að hafa kynfræðslu í stundatöflu allra bekkja á mið og unglingastigi þar sem farið er frekar á dýptina í hugtökum tengdum kynjafræði.

Mikilvægt er að nemendur fái tækifæri til að prófa margvíslegar leiðir við öflun þekkingar með notkun tæknimiðla, upplýsingatækni og safna- og heimildavinnu. Nemendur læra undirstöðuatriðin í tölvu- og upplýsingatækni og nýta kunnáttu sína á því sviði í öllu námi þar sem þess þarf með t.d. við heimildaöflun og kynningu á verkefnum. Ný tækni kallar á „nýjar“ námsleiðir og fjölbreytta kennsluhætti og skólinn vinnur markvisst að því að tileinka sér helstu tækninýjungar sem gagnast mega nemendum í námi.

Loks eru nemendur búnir undir frekara nám og starf með markvissri **náms- og starfsfræðslu**, víðtækri kynningu á námsleiðum sem eru í boði að loknu skyldunámi og kynningu á atvinnulífínu og hvernig nám býr fólki undur fjölbætt störf sem bjóðast í samfélaginu. Námsráðgjafi á vegum Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu mætir í skólann vikulega með fræðslu. Einnig tekur námsráðgjafi á móti nemendum í viðtöl og veitir ráðgjöf um nám, atvinnu og fleira. Auk þess koma fulltrúar nemenda úr Fjölbautaskóla Suðurlands og Menntaskólanum á Laugarvatni annað hvert ár og kynna námsframboð og áherslur skólanna fyrir 9. og 10. bekkjum. Unnið er markvisst að vellíðan allra í skólanum og eru reglulega gerðar athuganir á því með líðankönnunum. Stuðlað er að samhjálp, bæði meðal starfsfólk og nemenda.

Námsgreinar, námsáætlanir og kennsluhættir

Skólinn birtir á heimasíðu sinni. Bekkjarnámsskrár þar sem tilgreint er hvaða námsgreinar eru kenndar hverju sinni og hvaða námsgögn er stuðst við og hvaða kennsluhættir nýttir. Almennt fylgir skólinn viðmiðunarstundaskrá aðalnámsskrár en leggur þó aukna áherslu á íslensku, stærðfræði og náttúrufræði. Undir náttúrufræði fellur m.a. útikennsla og kynfræðsla. Í útikennslu er þó alla jafna nálgast fleiri en eina námsgrein með samþættingu. Í kynfræðslu skólans er lögð áhersla á sjálfsmynd og samskipti á miðstigi en

almenna kynfræðslu á elsta stigi. Nánari upplýsingar eru í bekkjarnámsskrám hvers bekkjar á heimasíðu skólans sem birt er að hausti.

Námsmat

Í aðalnámskrá grunnskóla segir:

Megintilgangur námsmats er að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Með námsmati er fylgst með því hvernig nemendum tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Námsmat á einnig að veita nemendum og foreldrum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda, hæfni þeirra, vinnubrögð og framfarir, sem m.a. má hafa að leiðarljósi við frekari skipulagningu náms.“ (Aðalnámskrá, Almennur hluti, s. 54)

Þar sem markmiðin eru margvísleg og hægt að fara ólíkar leiðir til að ná þeim er ljóst að matsaðferðir þurfa að vera fjölbreytilegar. Þær verða að samræmast markmiðunum og endurspegla áherslur í kennslu.

Í Laugalandsskóla eru fjölbreyttar matsaðferðir og má þar nefna: stöðugt mat á vinnu og ástundun nemenda, en þar er meðal annars stuðst við matslista, gátlista, dagbækur og fleira; skrifleg og munnleg verkefni; ritgerðarpróf; vinnubækur og möppur; formleg próf og kannanir við kafla- eða þáttaskil. Mikilvægt er að námsmat sé óhlutdrægt, heiðarlegt og sanngjarnt gagnvart nemendum. Það þýðir að meta verður alla meginþætti námsins — þekkingu, skilning og leikni — samkvæmt þeim áherslum sem fylgt er (Aðalnámskrá s. 55).

Hvers vegna að meta?

- Skerpa áherslur og væntingar um árangur nemenda og skólans í heild.
- Gera kennurum kleift að ákveða næstu skref í námi nemenda, aðlagða efni og aðferðir og stuðla að markvissari vinnubrögðum.

Gerði athugasemd [GU2]: tók bara út jóla- og vorpróf

- Leggja grunn að námsvitund nemenda og veita þeim tækifæri til að fylgjast með, íhuga eigið nám á gagnrýninn hátt og gera sér grein fyrir næstu skrefum.
- Upplýsa foreldra/forráðamenn og nemendur um hvort viðhlítandi árangri hafi verið náð.

Hvernig er endurgjöf háttað?

- Allir nemendur fá formlegar upplýsingar um stöðu sína að minnsta kosti þrisvar yfir skólaárið. Tvisvar í foreldraviðtölum þar sem farið er munnlega yfir stöðu hvers nemanda með nemandanum sjálfum og forráðamönnum og loks í formi lokamats í einkunnarmöppu við lok skólaárs. Kennarar leitast við að gefa nemendum og foreldrum þeirra leiðsegjandi mat á stöðu sinni jafnt og þétt yfir skólaárið sem skráð er í Mentor kerfið.
- Á yngsta stigi er birtingarform lokamats í formi hæfnitákna. Hæfnitáknin eru:

-  Framúrskarandi
-  Hæfni náð
-  Á góðri leið
-  Þarfnast þjálfunar
-  Hæfni ekki náð

Á miðstigi er lokamatið í formi ýmist tákna eða bókstafa. Hjá elsta stigi er það í formi einkunna í bókstöfum A, B+, B, C+, C, D. Sjá hér til hliðar.

- Lokamat á öllum stigum er byggt á niðurstöðum fjölbreytts námsmats sem unnið hefur verið með á skólaárinu.

Nánar um framsetningu námsmats

- Í nóvember og febrúar er veitt framvindu-einkunn í öllum greinum. Í maí er formlegt námsmat afhent í öllum bekkjum í öllum greinum.
- Matið byggist á:
 - Lykilhæfni í námi: Ábyrgð; dugnaður og þrautseigja; frumkvæði og áráðni; jákvæðni og framkoma; námsvitund; samskipti og samstarf; tjáning; upplýsinganotkun.
 - Hæfni nemenda, leikni og skilningi innan hvers námssviðs, jafnt í bóklegu námi, verk- og listnámi.
 - Verkefnum og vinnu nemanda. Vægi þeirra eru skráð í námskrár og/eða kennsluáætlanir viðkomandi greina sem finna má inn á Mentor.is eða í Mentor appinu.

Lokamat	Útskýring á lokamati Matsviðmið
A 	Nemandi hefur náð framúrskarandi tókum á þeirri hæfni sem ætlast er til að hann búi yfir við lok annar.
B+ 	Nemandi hefur náð góðum eða mjög góðum tókum á þeirri hæfni sem ætlast er til að hann búi yfir við lok annar, auk þess sem hann hefur sýnt fram á framúrskarandi hæfni á einhverjum sviðum.
B 	Nemandi hefur náð tókum á þeirri hæfni sem ætlast er til að hann búi yfir í lok annar.
C+ 	Nemandi hefur náð tókum á hluta af þeirri hæfni sem ætlast er til að hann búi yfir í lok annar. Vantar herslumuninn upp á að hæfni sé náð.
C 	Nemandi hefur náð tókum á hluta af þeirri hæfni sem ætlast er til að hann búi yfir í lok annar en þarfnast þjálfunar á ákveðnum sviðum.
D 	Nemandi hefur ekki náð tókum á þeirri hæfni sem ætlast er til að hann búi yfir í lok annar.

Náms – og kennslugögn

Náms- og kennslugögn Leitast er við að í skólanum sé alltaf til úrval náms- og kennslugagna. Miklir fjármunir liggja í bókakostinum svo þörf er á aðhaldi og

einnig er nauðsynlegt að hafa yfirsýn yfir það sem til er. Umsjónakennarar og faggreinakennarar útbíta námsgögnum skólinn skaffar öll nauðsynleg námsgögn. Út eru gefnar bæði einnota og margnota bækur. Kennarar innheimta margnota bækur frá nemendum að notkun lokinni.

Kennsluleiðbeiningar, myndbönd og kennsluforrit eru að mestu að finna á netinu en einnig er eitthvað geymt á bókasafni og skráð þar inn og út. Í Laugalandsskóla er rekið bókasafn sem nemendur hafa aðgang að á skólatíma.

Bókasafnsvörður er Regula Verena Rudin. Frekari upplýsingar um bókasafnið má finna [hér](#).

Stoðþjónusta, sérúrræði og farsæld barna

Laugalandsskóli starfar samkvæmt hugmyndafræði menntunar án aðgreiningar þar sem allir nemendur eiga rétt á námi, þátttöku og stuðningi við hæfi. Markmið stoðþjónustu skólans er að stuðla að velliðan, farsæld og árangri allra nemenda með snemmtækri íhlutun, markvissum stuðningi og nánú samstarfi heimilis, skóla og annarra þjónustuaðila.

Stoðþjónusta er samheiti yfir það stuðningskerfi sem styður við almenna kennslu og kemur til móts við fjölbreyttar þarfir nemenda. Hún felur í sér ráðgjöf til kennara og annars starfsfólks um kennsluhætti, námsumhverfi og aðlögun, auk beins stuðnings við nemendur til skemmri eða lengri tíma. Stoðþjónustan tekur jafnframt til mats á stöðu nemenda, eftirfylgni og skipulags viðeigandi úrræða.

Sérkennsla og stuðningur

Sérkennari sinnir sérkennslu með einstaklingum eða hópum, ýmist innan bekkjar eða í sérkennslurými, eftir þörfum nemenda. Sérkennari veitir jafnframt kennurum ráðgjöf um aðlögun kennslu, námsefnis og námsmats og vinnur einstaklingsnámskrár, stuðningsáætlanir og önnur úrræði í samvinnu við kennara, foreldra og aðra fagaðila.

Stuðningsfulltrúar starfa undir leiðsögn kennara og stjórnenda og styðja nemendur bæði námslega og félagslega. Stuðningurinn fer að mestu fram innan bekkjarins og miðar að því að efla þátttöku, sjálfstæði, öryggi og velliðan nemenda í daglegu skólastarfi.

Náms- og starfsráðgjöf, kennsluráðgjöf og sálfræðiþjónusta

Náms- og starfsráðgjafi, kennsluráðgjafi og sálfræðiþjónusta eru veitt á vegum Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Náms- og starfsráðgjafi gætir hagsmuna og velferðar nemenda og veitir þeim stuðning í málefnum sem varða nám, líðan, skólavist, náms- og starfsval. Jafnframt veitir náms- og starfsráðgjafi foreldrum og starfsfólki ráðgjöf eftir því sem við á.

Kennsluráðgjafi veitir starfsfólki skólans faglega ráðgjöf um kennsluhætti, námsaðlögun, kennsluþróun og úrræði sem stuðla að aukinni þátttöku og árangri nemenda.

Sálfræðiþjónusta er veitt af Sálstofunni, sem starfar einnig á vegum Skólaþjónustu. Sálstofan veitir skólanum og foreldrum ráðgjöf vegna náms-, þroska- og hegðunarvanda, sinnir greiningum þegar þörf krefur og kemur að eftirfylgni og ráðgjöf í kjölfar þeirra. Markmið þjónustunnar er að styðja við nám, þroska og velliðan nemenda og stuðla að því að viðeigandi úrræði séu veitt eins snemma og kostur er.

Gerði athugasemd [HV3]: VÉit ekki hvort þetta allt á heima þarna?

Gerði athugasemd [RM4R3]: Jú bara mjög flott.

Nemendaverndarráð

Í Laugalandsskóla starfar nemendaverndarráð samkvæmt lögum um grunnskóla og lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Hlutverk ráðsins er að samræma þjónustu og stuðning við nemendur, stuðla að snemmtækri íhlutun og tryggja að brugðist sé við þörfum barna á heildstæðan og markvissan hátt.

Í nemendaverndarráði sitja stjórnendur skólans, tengiliður farsældar, fulltrúar Félags- og skólaþjónustu, náms- og starfsráðgjafi, kennsluráðgjafi og fulltrúi heilsugæslu. Eftir atvikum geta aðrir fagaðilar komið að störfum ráðsins eftir eðli mála. Nemendaverndarráð fundar reglulega og vinnur að því að greina þarfir nemenda, samræma þjónustu, fylgja eftir stuðningsúrræðum og efla samstarf milli skóla, heimila og þjónustukerfa. Lögð er áhersla á að ákvarðanir séu teknar með hagsmuni og velferð barnsins að leiðarljósi.

Farsæld barna

Laugalandsskóli starfar samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 og leggur áherslu á að börn og fjölskyldur þeirra fái snemmtækan, samfelldan og viðeigandi stuðning í samræmi við þarfir hvers og eins. Markmið farsældarstarfsins er að stuðla að velferð, öryggi og jöfnum tækifærum barna og tryggja að þjónusta sé veitt á réttum tíma og í sem mestri nálægð við daglegt umhverfi barnsins.

Í skólastarfinu felst farsældarnálgun í því að fylgjast markvisst með námi, líðan og félagslegri stöðu nemenda og grípa snemma inn í þegar vísbendingar eru um að barn þurfi aukinn stuðning. Áhersla er lögð á að byggja á styrkleikum barna, efla þátttöku þeirra og sjálfsmynd og skapa öruggt og styðjandi námsumhverfi þar sem fjölbreytileiki er virtur.

Tengiliður farsældar gegnir lykilhlutverki í að samræma þjónustu og stuðla að samstarfi milli skóla, heimila og þeirra þjónustuaðila sem koma að málefnum barnsins. Hlutverk tengiliðarins er meðal annars að aðstoða fjölskyldur við að finna viðeigandi stuðning, tryggja upplýsingaflæði og stuðla að því að þjónusta sé samfelld og heildstæð.

Farsæld barna í Laugalandsskóla byggir á nánu samstarfi heimila, skóla og fagaðila, þar sem hagsmunir barnsins eru ávallt hafðir að leiðarljósi. Markmiðið er að hvert barn upplifi öryggi, tilheyrandi, virðingu og raunveruleg tækifæri til að dafna í námi og félagslífi.

Réttindi og skyldur nemenda

Réttindi nemenda

Í Laugalandsskóla eiga allir nemendur rétt á öruggu, jákvæðu og hvetjandi námsumhverfi þar sem komið er fram við alla af virðingu og jafnrétti. Skólinn leitast við að mæta þörfum hvers og eins og styðja nemendur til náms og þroska í samræmi við getu þeirra og áhuga.

Nemendur eiga rétt á að:

- fá kennslu við hæfi og stuðning í námi eftir þörfum,
- njóta öryggis, vellíðunar og vinnufriðar í skólastarfi,

- tjá skoðanir sínar og hafa áhrif á málefni sem varða nám þeirra og skólastarf,
- fá upplýsingar um námsmarkmið, námsmat og framvindu náms,
- njóta virðingar óháð uppruna, kyni, tungumáli, trú, fötlun eða öðrum persónubundnum þáttum,
- leita aðstoðar starfsfólks ef þeim líður illa eða verða fyrir órétti, einelti eða áreitni,
- taka þátt í fjölbreyttu skólastarfi og félagslífi skólans

Skyldur nemenda

Nemendur bera ábyrgð á eigin námi og hegðun og taka þátt í að skapa jákvætt og uppbyggilegt skólasamfélag. Réttindum fylgja skyldur gagnvart sjálfum sér og öðrum.

Nemendur skulu:

- mæta stundvíslega og vera vel undirbúnir til náms,
- leggja sig fram í námi og sinna verkefnum samviskusamlega,
- sýna öðrum nemendum, starfsfólki og gestum kurteisi og virðingu,
- fylgja skólareglum og fyrirmælum starfsfólks,
- stuðla að góðum starfsanda og jákvæðum samskiptum, ganga vel um húsnæði, búnað og eigur skólans,
- virða rétt annarra til náms, öryggis og vellíðanar,
- taka ábyrgð á eigin orðum og gjörðum, bæði í skólanum og í rafrænum samskiptum sem tengjast skólastarfi.

Sameiginleg ábyrgð

Í Laugalandsskóla leggjum við áherslu á að allir séu virkir þátttakendur í skólasamfélaginu. Nemendur, starfsfólk og foreldrar bera sameiginlega ábyrgð á því að skapa skóla þar sem ríkir traust, virðing, samvinna og gleði. Markmið okkar er að allir geti notið skólagöngu sinnar, þroskast og náð árangri í námi og leik

Heimanám

Heimavinna nemenda er að öllu jöfnu hluti af námi þeirra við skólann. Það ræðst af ýmsum þáttum hversu mikil hún er s.s. eftir aldri og þroska nemenda, vinnuhraða þeirra, kennslutilhögun kennara og hvaða námsgrein á í hlut. Kennurum er í sjálfsvald sett hvort eða hve mikið þeir setja nemendum sínum fyrir en það skal ávallt gert í góðri sátt við foreldra eða forráðamenn þeirra. Í aðalnámskrá segir: „Foreldrar bera ábyrgð á því að börn þeirra sinni því heimanámi sem skólinn og foreldrar hvers einstaks barns hafa orðið ásað um...” (s. 70).

Mikilvægt er að foreldrar/forráðamenn fylgist vel með námi barna sinna, skapi þeim viðunandi aðstöðu til heimanáms og aðstoði þau eftir föngum. Viðhorf til náms ræður miklu um árangur. Það mótast að mestu heima fyrir.

Vinna ber öll heimaverkefni af vandvirkni og samviskusemi og skila þeim á tilsettum tíma. Því þurfa nemendur að tileikna sér skilvirk vinnubrögð, skipuleggja tíma sinn vel og vinna þau verkefni sem fyrir þá eru lögð jöfnum höndum. Einnig skiptir máli að hafa röð og reglu á skólabókum og öðrum námsgögnum.

Með góðri samvinnu heimilis og skóla eiga nemendur að geta náð betri árangri og tileinkað sér vinnubrögð sem nýtast þeim í frekara námi og starfi.

Upplýsingagjöf um nemendur

Reglugerð 897/2009 kveður á um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín. Þegar nemandi kemur í 1. bekk úr Leikskóla Laugalandis er skilafundur þar sem farið er yfir stöðu hvers og eins nemanda til að brúa sem best á milli skólastiga. Gögn eins og niðurstöður úr Hljóm-2, TRAS niðurstaða, MOT hreyfipróf, skriflegar upplýsingar frá leikskólakennara sem og niðurstöður annarra greininga ef þær eru fyrir hendi fylgja með barninu. Ef nemandi kemur úr öðrum leikskóla eru nauðsynlegar upplýsingar sendar til skólans.

Þegar nemandi færirst á milli grunnskóla eru nauðsynlegar upplýsingar sendar í viðtöku grunnskólann þegar fyrir liggur hver hann er.

Greiningargögn og aðrar upplýsingar um nemendur eru sendar til framhaldsskólans með samþykki foreldra. Einkunnir fara í gegnum skráningarkerfi skólans. Öll gögn nemenda eru geymd í persónumöppu þeirra í læstum skjalaskáp hjá stjórnendum. Tveimur árum eftir útskrift nemenda úr grunnskóla fara gögnin í vörslu á Héraðsskjalasafnið á Skógum. Foreldrar geta alltaf óskað eftir að sjá eða fá afrit af gögnum barna sinna. Nemendur sjálfir geta fengið afrit af gögnum sínum eftir 18 ára aldur og þá frá Skjalasafninu.

Samstarf

Samstarf heimila og skóla

Í grunnskólalögum nr. 91, 12. júní 2008 er kveðið á um breytingar á fyrirkomulagi samkvæmt 8. og 9. grein laganna þar sem talað er um að starfa skuli skólaráð við skólann sem og foreldrafélag. Foreldrasamstarf er einn af hornsteinum skólastarfsins. Uppeldis- og fræðsluhlutverk skóla þarf að leysa af hendi í nánu samstarfi við foreldra. Því ber að stuðla að því að hafa foreldrasamstarf sem mest og jákvæðast á öllum stigum skólans.

Hver kennari hefur sérstakan viðtalstíma í stundatöflu sem ætlaður er fyrir samskipti við foreldra/forráðamenn þeirra nemenda sem hann kennir. Foreldrum/forráðamönnum er frjálst að hafa samband í þessum viðtalstímum og ræða það sem þeim býr í brjósti. Einnig má hafa samband í gegnum tölvupóst ef fólk kys þáð frekar. Netföng kennara er að finna á heimasíðu. Foreldrar og forráðamenn eru eindregið hvattir til að nýta viðtalstímana.

Tvisvar á ári eru sérstakir viðtalsdagur þar sem foreldrum/forráðamönnum er boðið að koma í skólann ásamt barni sínu og ræða við umsjónarkennara (og aðra kennara) þess um líðan, hegðun og námsframvindu. Námsmat og ástundun er skráð í Mentor. Foreldrar/forráðamenn skulu hafa aðgang að umsögnum/einkunnum í lok hverrar annar. Kennarar ráða því hins vegar sjálfir hvort þeir opna

vitnisburðarbækur sínar og birta foreldrum/forráðamönnum umsagnir eða einkunnir fyrir skyndipróf og einstök verkefni sem unnin eru á önninni. Upplýsingum um verkefnaskil, próf og ýmsa viðburði á vettvangi skólans s.s. skemmtanir og skólaferðir nemenda er miðlað í Mentor og/eða í tölvupósti. Á heimasíðu skólans eru frekari upplýsingar um skólastarfið s.s. skóladagatal og námskrár og þar eru jafnframt reglulega birtar fréttir og tilkynningar. Umsjónarkennarar senda vikupóst í lok hverrar viku þar sem þeir reifa það sem gert var í vikunni sem og telja upp það sem framundan er.

Samstarfs Laugalandsskóla og Leikskólans á Laugalandi

Mikið og gott samstarf er milli leik- og grunnskóla á Laugalandi og eru eftirfarandi markmið sett í leikskólanum varðandi samskiptin:

- Að vinskapur og félagsleg tengsl barna í leik- og grunnskóla viðhaldist og styrkist
- Að veita börnunum stuðning og öryggi með tengingu og samfelli skólastiganna
- Að elstu börn leikskólans fái gott tækifæri til að kynnst með markvissum hætti aðstæðum og skipulagi fyrir skólabyrjun
- Að leik- og grunnskólakennarar yngsta stigs þekki starf hvers annars og geti þannig myndað samfelli í námi og kennslu barnahópsins
- Að skólarnir stuðli að samfelli í uppeldi og menntun og efli tengsl og samvinnu sín á milli, eins og áhersla er lögð á í námskrám beggja skólastiga
- Að bæði skólastigin vinni út frá sömu hugmyndafræði og kennarar af báðum skólastigum setji sér sameiginleg markmið með samstarfinu og samræmi kennsluáðferðir (námsaðferðir) svo gæði og skilvirkni náms verði sem best
- Að skapa sameiginlega sýn á milli skólastiganna þar sem nýtt er það besta frá báðum skólastigum
- Að skapa meira öryggi fyrir foreldra þegar börn þeirra skipta um skólastig

- Að taka mið af þörfum barnahópsins og móta vettvang þar sem nám fer fram
- Að mæta þörfum hvers og eins án þess að flokka aðeins eftir aldri
- Byggja nám og kennslu á reynslu barnanna

Skólastjórnendur beggja skóla funda reglulega yfir skólaárið eins og þurfa þykir. Árið 2024 var stofnuð sameiginleg nefnd þar sem tveir fulltrúar leikskólans, þar af a.m.k. einn stjórnandi, og tveir fulltrúar grunnskólans, þar af a.m.k. einn stjórnandi, sitja. Haldnir eru reglulegir fundir í nefndinni yfir skólaárið um málefni sem varða samvinnu skólanna beggja. Með þessum fundum er m.a. verið að efla tengsl nemenda og kennara á báðum skólastigum.

Fyrir upphaf skólagöngu verðandi 1. bekkjar er haldinn skilafundur leikskólans þar sem stjórnendur leikskólans farið yfir þau gögn sem fylgja nemendum yfir á næsta skólastig sem og aðrar nauðsynlegar upplýsingar sem grunnskólinn þarf á að halda til að mæta verðandi nemendum.

Reynt er að samræma starfsdaga beggja skólastiga en þannig er möguleiki á að samnýta námskeið og ýmsa fræðslu fyrir starfsfólk skólanna.

Skólaheimsóknir í grunnskólann hefjast að hausti fyrir elsta árgang leikskólabarna. Þá fara nemendur og taka þátt í einni kennslustund með 1. bekk aðra hvora viku og hina vikuna fara þau eina kennslustund í dagskóla með nemendum á yngsta stigi. Á þennan hátt kynnast þau umhverfi, reglum og venjum sem ríkja í grunnskólanum. Einnig styrkja þau og viðhalda venskap sem myndast hefur á fyrri árum í leikskólanum.

Þá hefur einnig verið gott samstarf milli skólanna varðandi notkun á íþróttasal og sundlaug. Einnig hefur leikskólinn samið við sundkennara/íþróttakennara grunnskólans um kennslu í sundi/íþróttum fyrir elsta eða tvo elstu árganga leikskólans.

Markmið grunnskólans er að efla og viðhafa gott samstarf við leikskólann.

Samstarf Laugalandsskóla við framhaldsskóla

Nemendur fá almenna kynningu á valmöguleikum í framhaldsskólanámi í náms- og starfsfræðslu og fá einnig senda glærukynningu sem tekur til allra framhaldsskóla á Íslandi. Á vorönn eru námskynningar á vegum Fjölbautaskóla Suðurlands og Menntaskólans að Laugarvatni. Fulltrúar frá skólunum kynna nám og starf fyrir nemendum Laugalandsskóla og foreldrum þeirra. Starfskynningar fyrir nemendur í 10. bekk eru í umsjón námsráðgjafa.

Faggreinakennarar sækja, eftir því sem þeir hafa tök á, samráðsfundi í F.Su. þar sem kennarar á báðum stigum miðla upplýsingum um markmið og kennsluaðferðir á mótum skólastiganna.

Nemendum sem gengur vel í námi og náð hafa lokamarkmiðum 10. bekkjar í kjarnagreinum við lok 9. bekkjar eða um áramót í 10. bekk býðst að taka framhaldsskólaáfangana í fjarnámi við Framhaldsskóla Suðurlands (FSU). Þeir fá aðgang að kennsluumhverfi skólans á netinu (Moodle eða Inna), þar sem þau geta fylgst með og fengið áætlanir í viðkomandi fagi. Nemendur skila verkefnum, taka kaflapróf, og/eða lokapróf skv. kennsluáætlun áfanganna. Nemendur þurfa að bera ábyrgð á námi sínu og halda áætlun en fá tíma og aðstoð innan skólans til að sinna námi sínu.

Samstarf Laugalandsskóla við Tónlistarskóla Rangæinga

Nemendum gefst færi á að stunda nám á kennslutíma við tónlistarskólann þar sem kennarar tónlistarskólans koma á staðinn ákveðna daga í viku. Það krefst þó alltaf samþykkis og undirritun foreldra og þarf að vinna í samráði við umsjónarkennara.

Gerði athugasemd [EBS5]: Tekið af heimasíðu tonrang.is

Stefnur og áætlanir

Jákvæður agi

Laugalandsskóli vinnur markvisst eftir hugmyndafræði Jákvæðs aga (Positive Discipline), sem er uppeldis- og samskiptaaðferð byggð á gagnkvæmri virðingu, ábyrgð, samvinnu og lausnamiðaðri nálgun. Markmið Jákvæðs aga er að skapa öruggt og styðjandi skólasamfélag þar sem nemendur fá tækifæri til að efla félags-, tilfinninga- og sjálfstjórnarfærni samhliða námi sínu.

Í Jákvæðum aga er lögð áhersla á að nemendur upplifi bæði tilheyra og mikilvægi innan skólasamfélagsins. Starfsfólk leitast við að mæta nemendum af hlýju og festu, setja skýr mörk og styðja þá í að finna uppbyggilegar lausnir þegar áskoranir koma upp. Mistök eru talin eðlilegur hluti námsferlis og tækifæri til að læra, axla ábyrgð og efla færni til framtíðar.

Innleiðing Jákvæðs aga í Laugalandsskóla er langtímaverkefni sem felur í sér sameiginlega sýn og samræmt verklag alls starfsfólks. Með markvissri fræðslu, samvinnu og reglulegri endurskoðun er unnið að því að festa hugmyndafræðina í sessi sem eðlilegan hluta af menningu skólans.

Laugalandsskóli leggur ríka áherslu á að allt starfsfólk tileinki sér hugmyndafræði Jákvæðs aga. Til þess að tryggja sameiginlega sýn og samræmt verklag sækir allt starfsfólk skólans reglulega fræðslu og námskeið á vegum Jákvæðs aga. Með því er stuðlað að því að allir starfsmenn hafi sameiginlegan skilning á grunngildum hugmyndafræðinnar, beiti sambærilegum aðferðum í samskiptum við nemendur og vinni út frá sömu áherslum við að skapa öruggt, uppbyggilegt og lausnamiðað námsumhverfi.

Jákvæðs aga teymi starfar við Laugalandsskóla og hefur það hlutverk að leiða og styðja við þróun Jákvæðs aga í skólastarfinu. Teymið heldur utan um innleiðingu og áframhaldandi þróunarvinnu, veitir starfsfólki ráðgjöf og stuðning og vinnur að því að tryggja samræmt verklag í anda hugmyndafræðinnar. Jafnframt skipuleggur teymið fræðslu og endurmenntun, miðlar upplýsingum og fylgir eftir markmiðum sem snúa að innleiðingu og áframhaldandi þróun Jákvæðs aga í skólasamfélaginu.

Bekkjarfundir eru mikilvægur þáttur í innleiðingunni og fastur liður í skólastarfinu. Þar gefst nemendum tækifæri til að æfa sig í virðingarríkum samskiptum, samvinnu, lausnaleit og lýðræðislegri þátttöku. Með bekkjarfundum læra nemendur að tjá skoðanir sínar, hlusta á aðra, taka sameiginlegar ákvarðanir og bera ábyrgð á eigin framlagi til jákvæðs bekkjaranda.

Jákvæður agi styður við stefnu Laugalandsskóla um inngildingu, farsæld og velferð allra nemenda. Hugmyndafræðin fléttast inn í daglegt skólastarf og styrkir jákvæð samskipti, öflugt samstarf heimila og skóla og sameiginlega ábyrgð á því að skapa námsumhverfi þar sem öllum líður vel, finna til öryggis og fá tækifæri til að dafna.

Aðgerðaráætlun Laugalandsskóla í eineltismálum

Í Laugalandsskóla hefur verið sett upp eineltisáætlun til að sporna gegn einelti í skólanum. Áætlunin gerir okkur kleift að bregðast strax við eineltismálum með markvissum hætti ef þau koma upp og hvetur alla aðila til að halda vöku sinni. Einelti snertir ekki aðeins þolendur og gerendur í slíkum málum; það

Gerði athugasemd [EBS6]: Bæring og félagar voru byrjuð á vinnu

samfélagslegt vandamál og okkur ber siðferðisleg skylda til að láta vita ef við verðum vör við einelti eða grun um slíkt.

Eineltisáætlunin felur í sér reglulegt fræðslustarf og viðbragðsferli sem virkjast þegar grunur vaknar um einelti. Í ferlinu felst meðal annars:

- Að tilkynna mál eða grun til viðkomandi umsjónarkennara eða skólastjórnanda.
- Bregðast strax við
- Ræða við alla hlutaðeigandi aðila og foreldra
- Skrá atvik og fylgja því eftir þar til málið er leyst.
- Allir sem að málum koma verða að gera sér grein fyrir ábyrgðinni sem því fylgir. Nánari upplýsingar má finna á [heimasíðu](#) skólans.

Áfengis-, tóbaks- og vímuvarnaráætlun Laugalandsskóla

Markmið

Laugalandsskóli leggur áherslu á að skapa öruggt og heilbrigt námsumhverfi þar sem velferð, öryggi og farsæld nemenda eru í fyrirrúmi. Markmið áætlunarinnar er að:

- stuðla að heilbrigðum lífsháttum nemenda,
- efla þekkingu nemenda á áhrifum áfengis, tóbaks, nikótínvara og annarra vímuefna,
- styrkja sjálfsmynd, félagsfærni og ábyrgð nemenda,
- fyrirbyggja neyslu áfengis, tóbaks, nikótínvara og annarra vímuefna,
- tryggja skýr viðbrögð ef grunur vaknar um neyslu eða vörslu vímuefna.

Áætlunin byggir á gildum skólans um samvinnu, traust og vellíðan og á nánú samstarfi heimila, skóla og nærsamfélags.

Forvarnarstarf

Forvarnir eru samþættur þáttur í öllu skólastarfi. Áhersla er lögð á:

- fræðslu um heilbrigða lífshætti í námsgreinum og verkefnum skólans,
- fræðslu um áhrif áfengis, nikótíns, tóbaks, rafsígarettar og annarra vímuefna,
- eflingu sjálfsmyndar, seiglu og félagsfærni,
- jákvæð samskipti og góðan skólabrag,
- samstarf við foreldra, heilsugæslu, lögreglu og aðra samstarfsaðila eftir því sem við á.

Reglur

Regla 2 í skólareglum Laugalandsskóla er **Heilbrigði** en þar segir meðal annars: ...öll notkun orkudrykkja, nikótínvara, áfengis og annarra vímuefna er stranglega bönnuð (sjá reglur og meðferð agabrota á heimasíðu skólans). Undir þessa reglu fellur því að bannað er að:

- koma með áfengi, tóbak, nikótínvörur, rafsígarettur eða önnur vímuefni í skólann,
- vera undir áhrifum slíkra efna á skólatíma,
- nota eða dreifa slíkum efnum á skólalóð eða í skólaferðum og viðburðum á vegum skólans.

Reglur skólans gilda um allt skólastarf, bæði innan skólans og í ferðum, vettvangsferðum og öðrum viðburðum á vegum skólans

Viðbrögð

Vakni grunur um að nemandi sé undir áhrifum vímuefna eða hafi slík efni undir höndum skal starfsmaður fara eftir viðbrögðum við agabrotum skólans og færa viðbrögð á það stig sem hann telur réttast í samráði við stjórnendur sjá skýringarmynd með meðferð agabrota. Viðbrögð miðast meðal annars við hvort um grun sé að ræða eða hvort um staðfestan grun sé að ræða. Þá þarf einnig að taka tillit til þess hvort þetta sé fyrsta brot eða ítrekað brot.



Hlutverk foreldra

Foreldrar eru mikilvægir samstarfsaðilar í forvörnum. Skólinn leitast við að:

- veita foreldrum upplýsingar um forvarnir og stöðu mála,
- efla samstarf heimila og skóla,
- hvetja foreldra til að setja skýr mörk varðandi áfengi, nikótín og önnur vímuefni.

Endurskoðun

Áætlunin skal kynnt starfsfólki, nemendum og foreldrum og endurskoðuð reglulega eða þegar tilefni gefst til.

Áfalla og öryggisáætlun

Það er stefna Laugalandsskóla að tryggja að öryggismál séu í góðum farvegi. Einnig er mikilvægt að bregðast vel og rétt við þeim áföllum sem nemendur og starfsmenn skólans kunna að verða fyrir, jafnt innan skólans sem utan. Sem dæmi um þau áföll sem hér um ræðir má nefna:

- Alvarleg slys eða dauðsföll nemenda, foreldrar þeirra og náinna ættingja.
- Alvarleg slys eða dauðsföll á meðal starfsmanna.
- Langvarandi veikindi.
- Slys í vettvangsferðum.
- Skilnaður foreldra.
- Atvinnumissir foreldra.
- Áfall af völdum ofbeldis, áreitni eða hótanna.
- Önnur áföll sem upp kunna að koma. Einnig þarf skólinn að geta brugðist við þeim áföllum sem mæta byggðarlaginu í heild.

Upplýsingagjöf og stuðningur

Mikilvægt er að koma upplýsingum til viðeigandi aðila á viðeigandi hátt og tryggja að nemendur, kennarar og starfsfólk fái viðeigandi stuðning.

Eftirfylgni og úrvinnsla

Skólinn fylgir málum eftir og skipuleggur úrvinnslu í samvinnu við sérfræðinga ef þörf krefur.

Frekari upplýsingar má nálgast á heimasíðu skólans [hér](#).

Jafnréttisáætlun

Í 18. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, ber öllum fyrirtækjum og stofnunum sem hafa 25 starfsmenn eða fleiri að setja sér jafnréttisáætlun. Markmið laganna er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Jafnréttisáætlun Rangárpings ytra byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Hún tekur til stjórnkerfis

og starfsmanna sveitarfélagsins annars vegar og hins vegar til starfsemi og þjónustu sem stofnanir sveitarfélagsins veita íbúum. Sjá nánari upplýsingar á [heimasíðu](#) skólans.

Móttökuáætlanir

Í grunnskólalögum (16.gr.) er kveðið á um að skólar skuli útbúa móttökuáætlun vegna nýrra og erlendra nemenda sem hefja nám í grunnskólum landsins. Í Laugalandsskóla er lögð áhersla á að taka vel á móti nýjum nemendum. Þetta er m.a. gert með því að kynna fyrir þeim og forráðamönnum þeirra skólahúsið s.s. helstu kennslustofur, gönguleiðir, fatahengi, mötuneyti, innganga o.fl. Auk þess eru nemendur og foreldrar/forráðamenn þeirra upplýstir um lykilþætti skólastarfsins, bæði þá námslegu og þá félagslegu. Veita skal foreldrum og nemendum greinargóðar upplýsingar um skólastarfið og greina þeim frá rétti þeirra til þjónustu túlka og ráðgjafar almennt um skólastarfið.

Þegar nemendur með annað tungumál en íslensku hefja nám við Laugalandsskóla fer fram móttökuvíðtal. Í því víðtali eru stjórnandi, umsjónarkennari, hugsanlega túlkur sé því viðkomandi og aðrir sé metið að þess gerist þörf. Markmið móttökuvíðtals er tvíþætt, annars vegar að afla upplýsinga um nemandann og hins vegar að veita upplýsingar um skólastarfið. Stuðst er við innritunar- eyðublað (sjá í fylgigögnum) og gátlista. Mikilvægt er að í skólanum ríki almennt jákvætt viðhorf til fjölmenningar og að litið sé á að hver nemandi hafi eitthvað fram að færa til að auðga skólastarfið. Starfsmönnum skólans ber einnig að kynna sér aðferðir og leiðir til að styðja þá í starfi. Á [heimasíðunni](#) er hægt að nálgast upplýsingar um móttöku nýrra nemenda, nemenda með annað móðurmál en íslensku o.fl.

Innra og Ytra mat

Sjálfsmat er ferli sem snýst um að skólinn afli upplýsinga um starfsemi sína, leggi mat á hana og íhugi í framhaldi gengi sitt með tilliti til nemenda og starfsfólks. Matið er innbyggt inn í daglegt starf og fyrst og fremst framkvæmt af starfsmönnum enda þekkja þeir skólastarfið best. Mikilvægt er að matið sé sameiginlegt framtak allra í skólanum því þá eru meiri líkur á því að starfsfólkið upplifi og viðurkenni gildi þess.

Mat gefur leiðbeiningar um hverju þarf að breyta og hvað þarf að bæta til þess að ná þeim markmiðum sem skólinn hefur sett sér. Með sjálfsmati er unnt að greina styrkleika og veikleika skólans. Sú vitneskja nýtist til að skilgreina forgangsverkefni og skipuleggja aðgerðir til að koma á umbótum.

Með sjálfsmati er leitað svara við spurningum eins og:

- Hvað einkennir góðan skóla?
- Hversu góð er mín eigin frammistaða og frammistaða skólans í heild?
- Hvernig er hægt að afla vitneskju um þetta?
- Hvernig er hægt að laga það sem þarfnast úrbóta

Ytra mat er framkvæmt af aðilum utan skóla til dæmis fyrir Mennta og menningarmálaráðuneyti en einnig geta sveitarfélög beðið um ytra mat á starfi skólans. Það gerði Byggðasamlagið Oddi 2017 en matið sem var gert byggir á sama líkani og mat Menntamálastofnunar fyrir MMR. Árið 2024 komu Ingvar Sigurgeirsson og Lilja M. Jónsdóttir frá Skólastofunni slf og lögðu mat á skólastarfið og skiluðu af sér skýrslu.

Gerði athugasemd [EBS7]: Skólapúls?

Skólareglur og agamál

Skólareglur Laugalandsskóla eru:

- Kurteisi: Við förum ávallt eftir fyrirmælum starfsfólks skólans. Við göngum vel um skólann og berum virðingu fyrir okkur sjálfum sem og öðrum, ásamt einkalífi og eigum annarra.
- Heilbrigði: Við hugum að heilsu okkar, veljum næringarríka fæðu og gætum að svefntíma.
- Öryggi: Við stofnum hvorki okkur sjálfum né öðrum í hættu með orðum eða gjörðum.




SKÓLAREGLUR




Áhersla er lögð á að skapa jákvæðan skólabrag og að góður vinnuandi sé ríkjandi. Allir í skólanum stuðli að góðum starfsanda þar sem öryggi, velliðan og heilbrigði eru í fyrirrúmi. Við viljum að gagnkvæmt traust, virðing, samábyrgð, tillitssemi og fyrirmyndar framkoma sé höfð að leiðarljósi. Eftirfarandi reglur gilda á skólatíma, í skólaferðum, á viðburðum á vegum skólans sem og í skólabil.

01. Kurteisi: Við förum ávallt eftir fyrirmælum starfsfólks skólans. Við göngum vel um skólann og berum virðingu fyrir okkur sjálfum sem og öðrum, ásamt einkalífi og eignum annarra.	Við sinnum náminu af áhuga og samvirksemi og truflum ekki kennslustundir. Við geymum yfirhafnir og skó á viðeigandi stöðum. Við berum sjálf ábyrgð á okkar persónulegu hlutum. Notkun síma eða annarra snjalltækja er óheimil nema með sérstöku leyfi kennara. Myndatökur nemenda eru óheimil án leyfis kennara og vitundar þess sem myndin er tekin af.
02. Heilbrigði Við hugum að heilsu okkar, veljum næringarrika fæðu og gætum að svefntíma.	Við komum með hollt nesti. Öll notkun orkudrykkja, nikótínvara, áfengis og annarra vímuefna er stranglega bönnuð.
03. Öryggi Við stofnum okkur sjálfum eða öðrum ekki í hættu með orðum eða gjörðum.	Við dveljum á skólalóðinni á skólatíma, nema við séum í fylgd með fullorðnum. Við beitim ekki ógnun, ögrun, hótunum eða ljótum orðum. Andlegt og/eða líkamlegt ofbeldi er aldrei liðið þ.m.t. einelti. Bæfili, vopn eða eldfæri má ekki koma með í skólann. Notkun reiðhjóla eða annarra farartækja er óheimil nema um sé að ræða skipulagðan viðburð á vegum skólans.



Verklagsreglur skólareglna Laugalandsskóla eru:

Verklagsreglur við brot á skólareglum



Nemendum ber að fara eftir skólareglum í skólanum, á öllum viðburðum á vegum skólans, í skólaferðum sem og skólabíl. Kennari ræðir við nemendur um skólareglur og umgengni og gerir hópinn samábyrgan fyrir góðum bekkjaranda og hvetjandi námsumhverfi.

Kennari og nemendur gera saman bekkjarsáttmála að hausti.

Skólasókn – skólaforðun. Forvarna- og aðgerðaráætlun

Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellsýslu (FSRVS), Sálstofunni og grunnskólar á svæði þjónustunnar hafa markað sér sameiginlega sýn á hvernig skuli brugðist við ef skólasókn nemenda er ófullnægjandi með sameiginlegri viðbragðsáætlun, ásamt því að skilgreina á skólaforðun. Í þeirri vinnu var unnið út frá ákvæðum aðalnámskrár grunnskóla og öðru efni um skólaforðun.

Sjá ítarlegri greinagerð á heimasíðu skólans

<https://laugalandsskoli.is/wp-content/uploads/2026/08/Netutgafa-Skolasoknarkerfi-og-verkferill.docx>

Verkferill

Snemmtæk íhlutun - að 10 stigum/dögum samanlagt

- Umsjónarkennari fylgist með mætingu nemenda sinna og ber saman við skólasóknarkerfið, annars vegar veikinda og leyfisbata og hins vegar fjarvistir og seinkomur.
- Umsjónarkennari ræðir við nemanda, fer yfir mætingar, veikindi, leyfi og aðrar fjarvistir, og metur með nemanda hvernig barn upplifir aðstæður í skólarýminu s.s. kennslustofu, matsal, frímínútum og/eða skólabíl og samskipti við jafnaldra og starfsfólk skóla.

- Umsjónarkennari tekur samtal við forsjáraðila þar sem farið er yfir aðstæður hjá barni og ástæður fjarvistar. Forsjáraðilum er bent á samþætta þjónustu og tengilið farældar.
 - o Opnar spurningar vegna skólaforðunar (viðauki B)
 - o Ófullnægjandi skólasókn – upplýsingar um stöðu barns (viðauki F)
- Umsjónarkennari ber ábyrgð á að tengja náms- og starfsráðgjafa, skólahjúkrunarfræðing og skólastjórnendur við mál barns eins og þörf er á með áherslu á snemmtæka íhlutun.
- Umsjónarkennari og náms- og starfsráðgjafi funda með nemanda og forráðamönnum.
- Umsjónarkennari gerir í samstarfi við forráðamenn og nemanda, áætlun um hvernig vinna skal upp námsefni sem tapast hefur.
- Umsjónarkennari upplýsir skólastjórnendur og skólahjúkrunarfræðing um stöðu mála

Fyrstu einkenni skólaforðunar – að 15 stigum/20 dögum samanlagt

- Þegar fjarvistum fjölgar sendir umsjónarkennari póst um ástundun á forsjáraðila og upplýsir skólastjóra. Forsjáraðilum er bent á samþætta þjónustu og tengilið farældar.
 - o Bréf um ástundun til forsjáraðila (viðauki C)
- Upplýst um málið á nemendaverndarráði.
- Stofna skal teymi sem er skipað umsjónarkennara, forsjáraðilum og nemanda eftir atvikum og þroska, deildarstjóra og/eða skólastjórnanda ásamt náms- og starfsráðgjafa.
 - o Deildarstjóri/skólastjórnandi stýrir vinnu teymisins.
 - o Kennsluráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur og aðrir sérfræðingar eru kallaðir til samráðs eftir því sem við á.
- Teymið kortleggur stöðuna, finnur viðeigandi lausnir, vinnur skriflega áætlun um næstu skref og mat á árangri.
 - o Matslisti vegna skólaforðunar – börn (viðauki D)
 - o Matslisti vegna skólaforðunar – foreldrar (viðauki E)
 - o Ófullnægjandi skólasókn – upplýsingar um stöðu barns (viðauki F)
 - o Stuðningsáætlun þar sem tilgreindar eru lausnir og úrræði í máli barns
- Á grundvelli niðurstaðna matslista vinnur teymið
 - o Stuðningsáætlun (sjá viðauka G) þar sem tilgreindar eru lausnir og úrræði í máli barns.
 - o Við val á lausnum og úrræðum getur teymið stuðst við úrræðalista grunnskólanna.
- Teymið kortleggur og metur stöðu barns þar sem unnið með eftirfarandi lista:
- Teymið metur jafnframt hvort þjónustupörf barns sé þess eðlis að þörf sé á að samþætta mál samkvæmt lögum um farsæld barna.

Viðvarandi skólaforðun – 25 stig/dagar eða meira samanlagt

- Teymið heldur áfram vinnu með málið samkvæmt stuðningsáætlun, metur árangur og uppfærir áætlunina eftir þörfum.
- Málið er tilkynnt til barnaverndar
 - o Bréf til barnaverndar (viðauki H)
 - o Fulltrúi frá barnaverndarþjónustu er kallaður til samráðs og samstarfs.
- Í samstarfi við fulltrúa barnaverndar og kennsluráðgjafa eru notaðir eftirfarandi listar:
 - o Atferlisáhorf vegna skólaforðunar (viðauki I)
 - o Ásamt þeim listum sem áður hafa verið nýttir
- Teymið getur vísað málinu til nemendaverndarráðs ef þörf er talin á greiningu á stöðu nemanda hjá sálfræðingi, talmeinafræðingi og/eða öðrum sérfræðingum.

Ef lausnir og viðbrögð sem reynd hafa verið við skólasóknarvanda skila ekki árangri, eða teymi metur að þörf sé á frekari aðgerðum, er málið tilkynnt til barnaverndar á hvaða stigi málsins sem er

Skólasóknarkerfi

Skólasóknarkerfi í grunnskólum á svæði Félags- og Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu

Verkferill -fjarvistir og seinkomur

1

10 fjarvistarstig og/eða seinkomur

8 í mætingareinkunn

- Umsjónarkennari sendir forsjáðilum póst um ástundun
- Ef þarf ræðir umsjónarkennari við forsjáðila og/eða nemanda
- Vísar í kynningarefni á heimasíðu skóla um farsæld barna, hlutverk tengiliða farsældar og náms- og starfsráðgjafa

2

15 fjarvistarstig og/eða seinkomur

7 í mætingareinkunn

- Umsjónarkennari sendir forsjáðilum póst um ástundun og upplýsir skólastjórnanda og/eða nemanda
- Ef þarf eru forsjáðilar boðaðir á fund umsjónarkennara þar sem leitað er skýringa á fjarvistum og metin þörf fyrir aðkomu tengiliðar til að styðja við farsæld barns og fjölskyldu
- Nemendaverndarráð upplýst

3

25 fjarvistarstig og/eða seinkomur

5 í mætingareinkunn

- Skólastjórnandi sendir tilkynningu til barnaverndar að forsjáðilum upplýstum

- Í upphafi hvers skólaárs eru allir nemendur með fullnægjandi skólasókn
- 1. stig: Seint, ef nemandi mætir 5 mínútum eftir að tími hefst
- 2. stig: Fjarvist, ef nemandi mætir ekki eða 15 mínútum eftir að tími hefst
- 3. stig: Brottrekstur, ef nemandi er vísað úr kennslustund
- Skólasókn er sýnileg í Mentor/Námfús og umsjónarkennari sendir forráðamönnum mánaðarlega upplýsingar í tölvupósti um stöðu skólasóknar

Ef forráðamenn eru ekki tilbúnir til samstarfs um málefni barns, hvernig sem skólasókn er háttáð, skal upplýsa þá um að skóla beri lögum samkvæmt að tilkynna málið til barnaverndar

Tengsl við nærsamfélagið

Laugalandsskóli er órjúfanlegur hluti af samfélaginu sínu og leggur ríka áherslu á öflugt samstarf við nærumhverfið. Náðin við samfélagið skapar fjölbreytt tækifæri til náms og eflir skilning nemenda á samfélagslegri ábyrgð.

Samstarf skólans og nærsamfélagsins birtist með margvíslegum hætti, meðal annars með:

- Þátttöku/heimsóknnum einstaklinga úr nærsamfélaginu í skólann, meðal annars með fræðslu, leiðsögn og kennslu í sérhæfðum verkefnum og valgreinum.
- Stuðningi frá fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum sem leggja skólanum lið með ýmsum hætti, svo sem með aðstöðu, búnaði, sérfræðipækkingu eða styrkjum og má þá helst nefna kvennfélögin þrjú sem stutt hafa skólann ötullega.

Með þessu samstarfi skapast sterk tengsl milli skóla og samfélags sem auðga skólastarfið, efla verklega og félagslega færni nemenda og stuðla að því að þeir verði virkir þátttakendur í samfélagi sínu.